

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/2399

2024/EES/25/32

frá 6. október 2023

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362 að því er varðar tilteknar villur varðandi
hermun með tölvuvæddri straumfræði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein a-liðar 5. gr. c,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í töflum 2 og 3 í lið 3.2 í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362⁽²⁾ eru tilteknar villur. Kröfu vantar og viðmiðunarbílin vísa til C_D-algildanna. Þær villur varða aðferðina við hermun með tölvuvæddri straumfræði sem er notuð við vottun búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.
- 2) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362 til að tryggja að búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi sé vottaður á sama hátt og að allir framleiðendur noti hann með sama hætti.
- 3) Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1362 og ætti hún að öðlast gildi án tafar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki sem um getur í 83. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. ágúst 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2399, 09.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 frá 1. ágúst 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar frammistöðu þungra eftirvagna með tilliti til áhrifa þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, orkunotkun og akstursdrægi vélknúinna ökutækja án losunar og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 (Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 145).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtið. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. október 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Liður 3.2 í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362 er leiðréttur eins og hér segir:

1) Eftirfarandi línu er bætt við í töflu 2:

„Yfirborð og hjól	25,00 m/s	Yfirborð hermisvæðisins verður að hreyfast afturábak miðað við ökutækið og hjól ökutækisins verða að snúast með samsvarandi snertilhraða.“
-------------------	-----------	--

2) Í stað töflu 3 kemur eftirfarandi:

„Tafla 3

Viðmiðunarbíl fyrir fullgildingarferli

Mengi hermunar	Geighorn – β [gráður]		
	0,0°	3,0°	6,0°
TRF	$-8,6\% < \Delta(C_D \times A) < -1,6\%$	$-9,0\% < \Delta(C_D \times A) < -2,0\%$	$-10,3\% < \Delta(C_D \times A) < -3,3\%$
LSC	$-8,8\% < \Delta(C_D \times A) < -1,8\%$	$-8,0\% < \Delta(C_D \times A) < -1,0\%$	$-8,1\% < \Delta(C_D \times A) < -1,1\%$